

Samstæðuársreikningur

**Rauði krossinn á Íslandi**

2020



# Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar og skoðunarmanna á ársreikninginn .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3 - 4
Rekstrarreikningur ársins 2020 .....	5
Efnahagsreikningur 31. desember 2020 .....	6 - 7
Sjóðstreymi ársins 2020 .....	8
Skýringar .....	9 - 12

## **Stjórn Rauða krossins á Íslandi:**

Sveinn Kristinsson, formaður  
Silja Bára Ómarsdóttir, varaformaður  
Halldór Valdimarsson, ritari  
Hrund Snorradóttir, gjaldkeri  
Baldur Steinn Helgason  
Elín Ósk Helgadóttir  
Gréta María Grétarsdóttir

Ívar Kristinsson  
Jónas Sigurðsson  
Sveinn Þorsteinsson  
Þóra Björk Nikulásdóttir  
Anna Rósa Magnúsdóttir, varamaður  
Pétur Pétursson, varamaður

## **Framkvæmdastjóri:**

Kristín S. Hjálmtýsdóttir

## **Endurskoðandi:**

Grant Thornton endurskoðun ehf.  
Theodór S. Sigurbergsson  
löggiltur endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar og skoðunarmanna

Aðalstarfsemi Rauða krossins á Íslandi er mannúðar- og hjálparstarf.

Samstæðuársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi var rekstrarafgangur Rauða krossins á Íslandi neikvæður um 9,7 millj.kr. á árinu. Eigið fé hans í lok árs var jákvætt um 4.066 millj.kr. en í byrjun árs nam það samtals 4.075 millj.kr. Þó að afkoma sé neikvæð á árinu af rekstri deilda félagsins í heild, hefur verið afgangur af rekstri þeirra síðustu ár sem hefur safnast upp og er handbært fé í vörslu þeirra.

Stjórn Rauða krossins á Íslandi leggur til að rekstrartapi ársins verði ráðstafað til næsta árs. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu Rauða krossins og rekstur hans á liðnu ári.

Áhrif faraldurs vegna COVID-19 veirunnar á íslenskt efnahagslíf og fjármálamarkaði eru víðtæk og mikil óvissa ríkir um framhaldið. Faraldurinn hafði verulega neikvæð áhrif á rekstur félagsins á árinu. Áhrifin voru mest á tekjur af söfnunarkössum sem drógust saman um tæpar 230 milljónir á milli ára. Einnig voru áhrif á afkomu Fatasöfnunar veruleg og engin framlög komu frá verkefninu til landsskrifstofu. Stjórn tók ákvörðun um viðbrögð í maí til lækkunar á kostnaði, m.a. með fækkun starfsmanna landsskrifstofu. Félagið hefur ekki nýtt sér úrræði stjórnvalda á árinu. Félagið tókst á við umfangsmikil ný verkefni í tengslum við COVID-19 á sviði neyðarvarna, þ.m.t. rekstur Farsóttarhúss samkvæmt samningi við ríkið.

Stjórn Rauða krossins á Íslandi og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. maí 2021

Stjórn:

*Baldur Helgason*

*Þórunn Þórunn*

*Grete M. Coetard*  
*Hallgrímur Váhalmarsson*  
*Elinborg Helgadóttir*

*Hrúnna Snorradóttir*

*Jóna Sigríður*  
*Anna Rosa Magnúsdóttir*  
*Fur Kristján*

Framkvæmdastjóri:

*Þórunn S. Þórunn*

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Rauða krossins á Íslandi.

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning (hér eftir ársreikningurinn) Rauða krossins á Íslandi (hér eftir samstæðan) fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2020, efnahag hennar 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við settar síðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun sé framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar:

# Áritun óháðs endurskoðanda - frh.

Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi samstæðunnar.

Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar á samstæðunni.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

## Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 17 þar sem fram koma upplýsingar um eignir utan efnahagsreiknings. Rauði krossinn á Íslandi á 64% eignarhlut í sameignarfélaginu Íslandsspilum sf. sem ekki er færður til eignar í efnahag samstæðunnar.



**Theodór S. Sigurbergsson**

**löggiltur endurskoðandi**

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 7. maí 2021

# Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
<b>Rekstrartekjur</b>			
Tekjur af söfnunarkössum .....	15	200.592	426.656
Tekjur af sölustarfsemi .....		309.007	408.601
Samningsbundin verkefni við ríkið og sveitarfélög .....		1.034.030	967.186
Sjúkraflutningar, hlutur sjúklinga og stofnana .....		307.738	360.555
Frjáls framlög .....		788.772	389.326
Tekjur af fasteignum og aðrar tekjur .....		9.471	12.372
		<u>2.649.609</u>	<u>2.564.696</u>
Fjármunatekjur að frádregnum fjármagnsgjöldum .....		<u>115.683</u>	<u>154.210</u>
Tekjur til verkefna .....		2.765.291	2.718.905
<b>Gjöld og framlög til verkefna</b>			
Innlend verkefni .....		1.162.148	1.126.847
Alþjóðleg verkefni .....		550.274	455.353
Sjúkraflutningar .....	16	491.126	464.741
Fjáröflun og kynning .....		404.557	303.295
Sameiginlegur kostnaður .....		166.862	180.007
		<u>2.774.967</u>	<u>2.530.243</u>
<b>Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur) .....</b>		<u>( 9.675)</u>	<u>188.663</u>

# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	2020	2019
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6, 10		
Fasteignir .....		378.996	378.809
Áhöld, tæki og búnaður .....		175.285	99.592
Bífreiðar .....		611.769	219.035
		<u>1.166.051</u>	<u>697.435</u>
Langtímakröfur og áhættufjármunir:			
Bundnar innstæður og verðbréf hjá deildum .....		216.467	212.282
Bundnar bankainnstæður varasjóðs .....	11, 12	276.065	267.407
		<u>492.532</u>	<u>479.689</u>
<b>Fastafjármunir</b>		<u>1.658.583</u>	<u>1.177.124</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir:			
Vörubirgðir .....	7	1.650	1.901
Skammtímakröfur:			
Útistandandi tekjur af söfnunarkössum .....		0	31.840
Aðrar skammtímakröfur .....	8	296.893	245.949
Veltufjármunir varasjóðs:			
Innstæður og verðbréf varasjóðs .....	11, 12	823.935	832.593
Handbært fé:	9		
Sjóður og bankainnstæður .....		1.169.850	1.597.942
Skammtímaverðbréf .....		629.146	694.462
<b>Veltufjármunir</b>		<u>2.921.474</u>	<u>3.404.686</u>
<b>Eignir alls</b>		<u>4.580.057</u>	<u>4.581.810</u>
<b>Eignir utan efnahagsreiknings</b> .....	15		

# 31. desember 2020

## Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2020	2019
<b>Eigið fé</b>	13		
Bundið eigið fé:			
Varasjóður .....		1.100.000	1.100.000
Eigið fé bundið í varanl. rekstrarfjárm. ....		1.166.051	697.435
Eigið fé bundið í Sjúkrabílasjóði .....		709.775	1.126.519
Skilyrt framlög .....		47.599	18.606
		<u>3.023.425</u>	<u>2.942.560</u>
Óbundið eigið fé			
Óráðstafað eigið fé .....		1.042.578	1.133.118
<b>Eigið fé</b>		<u>4.066.003</u>	<u>4.075.678</u>
<b>Skuldbindingar</b>			
Eftirlaunaskuldbinding .....	10, 14	<u>91.471</u>	<u>96.960</u>
<b>Skuldbindingar</b>		<u>91.471</u>	<u>96.960</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		179.490	232.715
Ógreitt vegna verkefna .....		243.093	176.457
<b>Skammtímaskuldir</b>		<u>422.583</u>	<u>409.172</u>
<b>Skuldir alls</b>		<u>514.054</u>	<u>506.132</u>
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>		<u>4.580.057</u>	<u>4.581.810</u>



# Sjóðstreymi ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
Frá rekstri:			
Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur) af reglulegri starfsemi ....		( 9.675)	188.663
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	6, 10	137.146	148.924
Sölutap (hagnaður) eigna .....		( 5.360)	153
Hækkun eftirlaunaskuldbindingar .....	10, 14	5.997	11.986
		<u>128.108</u>	<u>349.726</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun) .....		( 19.104)	269.543
Birgðabreyting; lækkun (hækkun) .....		251	( 553)
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun) .....		13.406	( 83.290)
		<u>( 5.447)</u>	<u>185.700</u>
		<u>122.660</u>	<u>535.427</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð og söluverð eigna hjá Sjúkrabílasjóði .....		( 581.912)	( 15.218)
Kaupverð og söluverð eigna hjá deildum .....		( 6.840)	( 35.818)
Kaupverð og söluverð eigna hjá Landsskrifstofu .....		( 10.250)	0
Kaupverð og söluverð eigna hjá Fatasöfnun .....		( 1.395)	0
Bundnar innstæður og verðbréf deilda .....		( 4.186)	31.479
		<u>( 604.583)</u>	<u>( 19.557)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir eftirlaunaskuldbindingar .....	10, 14	( 11.485)	( 10.593)
		<u>( 11.485)</u>	<u>( 10.593)</u>
<b>Hækkun á handbæru fé .....</b>		( 493.407)	505.277
Handbært fé í ársbyrjun .....		2.292.403	1.787.127
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<u>1.798.996</u>	<u>2.292.403</u>

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Aðalstarfsemi Rauða krossins á Íslandi er mannúðar- og hjálparstarf.

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Vikið er frá kröfum ársreikningalaga varðandi meðferð eignarhluta í Íslandsspilum sf. eins og heimilt er samkvæmt 2. mgr. 5. gr. ársreikningalaga. Eignarhlutinn hefur verið utan efnahagsreiknings allt frá stofnun Íslandsspila sf., þar sem starfsemi Íslandsspila sf. er verulega frábrugðin starfsemi Rauða krossins á Íslandi. Í skýringu nr. 17 er gerð nánari grein fyrir þessu. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í þúsundum íslenskra króna.

### Grundvöllur samstæðu

2. Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2020 hefur að geyma ársreikning landsskrifstofu, Sjúkrabílasjóðs, Fatasöfnunar Rauða krossins og allra Rauða kross deilda á landinu, sem vísað er til sem samstæðunnar.

Deildir sem innifaldar eru í samstæðunni starfa undir merkjum Rauða Krossins og fylgja reglum og markmiðum þess.

Stöður milli deilda, viðskipti og óinnleystur hagnaður og/eda tap sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra eru felld út í samstæðuársreikningnum.

### Erlendir gjaldmiðlar

3. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok ársins. Verðbætur og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

### Innlausn tekna

4. Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast.

Frjáls framlög og styrkir eru færð til tekna við greiðslu.

### Lotun gjalda

5. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til að niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir .....	33 - 50 ár
Áhöld, tæki og búnaður .....	5 ár
Bifreiðar .....	5 - 8 ár

## Birgðir

7. Birgðir í efnahagsreikningi eru vegna verslana Kvennadeildar. Þær eru metnar á síðasta innkaupsverði.

## Aðrar skammtímakröfur

8. Aðrar skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Óbein niðurfærsla annarra skammtímakrafna nam 70 millj.kr. í lok ársins en hún nam 103 millj.kr. í ársbyrjun.

## Handbært fé

9. Sjóður, bankainnstæður og skammtímaverðbréf teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjódstreymis.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

10. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundradshluti, greinast þannig:

	Fasteignir	Áhöld, tæki og búnaður	Bifreiðar	Samtals
<b>Samstæða:</b>				
Heildarverð 1.1. 2020 .....	642.243	317.286	1.165.739	2.125.268
Afskrifað áður .....	(263.435)	(217.694)	(946.704)	(1.427.833)
	<u>378.809</u>	<u>99.592</u>	<u>219.035</u>	<u>697.435</u>
Viðbót á árinu .....	16.250	111.074	479.073	606.397
Selt og niðurlagt á árinu .....	0	0	(636)	(636)
Afskrifað á árinu .....	<u>(16.063)</u>	<u>(35.380)</u>	<u>(85.703)</u>	<u>(137.146)</u>
Heildareign 31.12. 2020 .....	<u>378.996</u>	<u>175.285</u>	<u>611.769</u>	<u>1.166.051</u>
Afskriftarhlutföll .....	2-3%	20%	15-20%	

Mat á fasteignum skiptist þannig:

	Fasteignamat 31.12. 2020	Brunabótamat 31.12. 2020	Bókfært verð 31.12. 2020
Efstaleiti 9 .....	289.990	368.400	88.171
Rauðarárstígur 33, 6 íbúðir, 50% .....	127.850	82.480	10.700
Sumarhús í landi Miðdals .....	19.850	13.850	16.250
Fasteignir deilda .....	<u>546.456</u>	<u>1.387.300</u>	<u>263.875</u>
	<u>984.146</u>	<u>1.852.030</u>	<u>378.996</u>

## Innstæður og verðbréf varasjóðs

11. Eignir varasjóðs eru færðar þannig í ársreikningi samstæðunnar:

	Árið 2020	Árið 2019
Bundnar bankainnstæður til langs tíma .....	276.065	267.407
Innstæður og verðbréf varasjóðs .....	<u>823.935</u>	<u>832.593</u>
	<u>1.100.000</u>	<u>1.100.000</u>

12. Yfirlit yfir verðbréfacign og innstæður varasjóðs:

	Árið 2020	Árið 2019
Innlendir skuldabréfasjóðir .....	507.051	666.881
Erlendir hlutabréfasjóðir .....	174.099	167.999
Íbúðabréf .....	88.426	69.496
Bankabréf og skuldabréf fyrirtækja .....	136.199	2.303
Bankainnstæður .....	276.065	267.407
Reiknaður fjármagnstekjuskattur .....	<u>(81.840)</u>	<u>(74.085)</u>
	<u>1.100.000</u>	<u>1.100.000</u>

## Eigið fé

13. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Varasjóður	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Flutt frá fyrra ári .....	1.100.000	1.842.560	1.133.118	4.075.678
Verkefnasjóður; lækkun .....		28.993	(28.993)	0
Sjúkrabílasjóður; lækkun .....		(416.744)	416.744	0
Varanl. rekstrarfjárm.; breyting .....		468.616	(468.616)	0
Gjöld umfram tekjur .....			(9.675)	(9.675)
Eigið fé samtals 31.12. 2020 .....	<u>1.100.000</u>	<u>1.923.425</u>	<u>1.042.578</u>	<u>4.066.003</u>

## Eftirlaunaskuldbinding

14. Á Rauða krossinum á Íslandi hvílir eftirlaunaskuldbinding vegna eftirlaunaréttinda nokkurra fyrrum starfsmanna. Reiknuð hækkun eftirlaunaréttinda á árinu, sem byggð er á útreikningi tryggingastærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á eftirlaunaskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu er færður til lækkunar á skuldbindingunni. Breytingin á árinu greinist þannig:

	2020	2019
Eftirlaunaskuldbinding í ársbyrjun .....	96.959	95.566
Breyting áunninna réttinda á árinu .....	5.997	11.986
Greitt á árinu .....	<u>( 11.485 )</u>	<u>( 10.593 )</u>
Eftirlaunaskuldbinding í árslok .....	<u>91.471</u>	<u>96.959</u>

## Önnur mál

### Eignir utan efnahagsreiknings

15. Rauði krossinn á Íslandi á 64% eignarhlut í sameignarfélaginu Íslandsspilum sf. Aðrir eigendur að félaginu eru SÁÁ og Slysavarnafélagið Landsbjörg. SÁÁ hefur tilkynnt að samtökin muni hætta þátttöku í Íslandsspilum sem mun koma til framkvæmda á árinu 2021. Þess er vænst að hlutur Rauða krossins eftir þá breytingu verði tæp 69%

Íslandsspil sf. er samstarfsverkefni sem hefur þann tilgang að afla fjár fyrir starfsemi félaganna með ábyrgum rekstri á söfnunarkössum. Hagnaði af rekstri Íslandsspila sf. er að mestu ráðstafað árlega til eigenda og er ráðstöfun ársins færð í rekstrarreikning undir liðnum "Tekjur af söfnunarkössum".

Í árslok 2020 nam eigið fé Íslandsspila sf. 420 millj.kr. og nam því hlutdeild Rauða krossins á Íslandi 269 millj.kr.

### Sjúkraflutningar

16. Heildarkostnaður við rekstur Sjúkrabílasjóðs nam 497,9 millj. kr. á árinu en tekjur af flutningum námu 307,7 millj.kr. Framlag ríkisins vegna verkefnisins nam 227,1 millj. kr. Framlag RKÍ samkvæmt samningi við ríkið nam 16,0 millj. kr. á árinu.

Samkvæmt samkomulagi við ríkið ber Sjúkrabílasjóði að ráðstafa rekstrarafgangi sínum til að mæta rekstrarhalla í framtíðinni.

### Laun og launatengd gjöld

17. Laun, launatengd gjöld og starfsmannatengdur kostnaður greinast þannig:

	2020	2019
Laun landsskrifstofu og Sjúkrabílasjóðs .....	554.367	461.013
Laun sendifulltrúa .....	30.413	21.523
Laun Fatasöfnunar .....	53.195	54.169
Laun deilda og athvarfa .....	288.254	316.653
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður .....	224.162	226.322
	<u>1.150.391</u>	<u>1.079.680</u>

18. Stöðugildi hjá Rauða krossinum á Íslandi voru eftirfarandi:

	2020	2019
Efstaleiti 9 .....	60,2	52,6
Deildir og athvörf þeirra .....	39,8	39,5
Fatasöfnun .....	7,8	9,1
Svæðiskrifstofur .....	2,3	3,4
Sjúkrabílasjóður .....	2,2	2,4
Sendifulltrúar .....	1,7	2,0
	<u>114,0</u>	<u>109,0</u>